

Sp.

92. Tillaga til þingsályktunar

[83. mál]

um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Halldór
E. Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Einar Ágústsson,
Garðar Halldórsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að undirbúa löggjöf um það, hversu semja skuli fyrir ár hvert og fyrir nokkur ár í senn áætlun um framleiðslu og framkvæmdir í landinu með tilliti til vaxandi fólksfjölda, nauðsynlegra framfara og jafnvægis í byggð landsins. Skipa skal í nefndina einn mann eftir tilnefningu hvers þingflokks og bankastjóra Framkvæmdabankans, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Þjóðinni fjölgar nú ört. Hún er og vill vera á framfaraleið. Landið og miðin umhverfis það búa yfir miklum möguleikum. En vinnuafli og fjármagn á sín takmörk. Nauðsyn ber til þess, að þjóðin og þeir, sem forustu hafa í málum hennar, geri sér grein fyrir því á hverjum tíma með nokkrum fyrirvara, að hverju skuli stefna í framleiðslu og framkvæmdum og hvernig þeim skuli haga, hvað óhjákvæmilegt sé og æskilegast, hvað helzt megi mæta afgangi og hvers vænta megi, ef með forsjá er á málum haldið. Með skipulagi þarf jafnframt að tryggja jafnvægi í byggð landsins. Nokkrum sinnum hafa verið kosnar eða skipaðar nefndir til að gera áætlanir á afmörkuðu sviði, og sumar ríkisstofnanir hafa gert slíkar áætlanir um starfsemi sína. Í því sambandi hafa verið gerðar athuganir, rannsóknir og tillögur, sem geta orðið til mikils gagns, ef rétt er á haldið. Nú virðist tími til þess kominn, að þau vinnubrögð verði upp tekin, að jafnan verði samin heildarframleiðslu- og framkvæmdaáætlun (landsáætlun) fyrir hvert ár og fyrir nokkur ár í senn og að reynt verði að fara eftir henni, svo sem tók eru á. Í sambandi við framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þarf svo sennilega að gera viðbótaráætlanir, t. d. neyztuáætlun, áætlun um vinnuafli á hverjum tíma, gjaldeyrisáætlun o. fl. Þessi verkefni eru svo mikilvæg og vandasöm, að ákveða verður í löggjöf, hvernig um þau skuli fjalla og hverjir þar skuli að vinna. Lagt er til, að nefnd verði falið að undirbúa slíka löggjöf. Nánar í framsögu.